

Ar 1983, miðvikudaginn 9. nóvember, var í málínu nr. 6/1983  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 30. júní 1983,  
óskaði oddviti Auðkúluhrepps eftir úrskurði nefndarinnar um það,  
hvort Orkubúi Vestfjarða væri skyld að svara fasteignaskatti  
af íbúðarhúsum við Mjólkárvirkjun.


Ef niðurstæða nefndarinnar yrði sú, að Orkubúi Vestfjarða væri  
ekki skyld að greiða skatt þennan, þá var jafnframt óskað eftir  
úrskurði nefndarinnar um það, hvort starfsmönnum við virkjunina,  
sem í húsnæðinu byggju, væri skyld að svara nefndum skatti.

Fyrir liggur umsögn Orkubús Vestfjarða og mótmælir það  
skattskyldu sinni.


Samkvæmt því, sem fyrir liggur, er umrætt húsnæði í eigu  
Orkubús Vestfjarða. Samkvæmt 13.gr. laga nr. 66/1976 er  
Orkubú Vestfjarða undanþegið sköttum til ríkis og sveitarfélaga.  
Er Orkubú Vestfjarða því ekki skyld að svara fasteignaskatti  
af umræddu húsnæði. Eigi er lagaheimild til að krefja notendur  
húsnæðisins um greiðslu fasteignaskatts af því, sbr. 2.málsgr.  
4.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

ú r s k u r ð a r o r ö :


Ofangreindum aðilum er eigi skyld að svara fasteignaskatti  
af íbúðarhúsum þeim er í málínu greinir.



Gaukur Jómundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon